



# Skýrsla um viðtal við Mr. Brownell, Special Assistant to the Secretary of Air í Washington 25. september 1950.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Mr Brownell – NATO –  
Atlantshafsbandalagið - 1950

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-12, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ALGERT TRÚNADARMAL

- 2 -

Skýrsla um viðtal við Mr. Brownell,  
Special Assistant to the Secretary  
of Air í Washington 25. september.  
1950.

Að fyrirhugi Bjarna Benediktssonar, utanríkisráðherra fórum við undirritaðir hinn 25. þ.m. á fund Mr. Brownell. Var tekið á möti okkur á skrifstofu Colonel Beebe. Voru þar staddir auk hans Colonel Richardsón og fulltrúar úr her, flota og flugher. Óskuðu þeir áður en lengra væri farið að fá yfirlit yfir þau atriði, sem ræða setti við Mr. Brownell. Skýrsum við þá frá þeim 6 fyrirspurnum, sem ráðherrann hafði falið okkur að leita upplýsinga um og nánar verður getið síðar. Síðan var haldið til skrifstofu Mr. Brownell, og voru þar auk ofangreindra viðstaddir General Hamilton og Colonel Pogue úr flughernum, Captain Ringell úr sjóhernum og Colonel Hamburger úr hernum.

Mr. Brownell setti fundinn og bauð okkur velkomna. Lýsti hann síðan í stórum dráttum núverandi fyrirkomulagi á Keflavíkur flugvelli, sem byggðist á samningi Bandaríkjanna við Ísland frá 1946. Tók hann sérstaklega fram, að Íslendingar hefðu sýnt mikinn skilning á framkvæmd þess samnings, og hefðu Bandaríkjamenn gert þar ýmsar ráðstafanir á grundvelli samningsins, og mundi kostnaðurinn við það þegar nema 15 - 16 milljónum dollara. Í NATO ráðagerðunum væri gengið út frá því að Bandaríkin og Ísland sem NATO aðilar gerðu ráðstafanir til að tryggja öryggi Íslands. Væri það ekki Bandaríkin sem slík, er færu fram á að ákveðnar ráðstafanir væru gerðar á Íslandi, heldur væru þessar ráðagerðir algjörlega innan ramma NATO. Tók

hann fram að honum hefði verið falið að stjórna þessum fundi vegna þess, að það væri fyrst og fremst <sup>flugverjum</sup> fyrirsæðing, sem hlut ætti að máli, og væri starf hans sjálfs aðallega fólgið í að fjalla um "airbases". Hann sagði að sér væri kunnugt um þær umræður, sem utanríkisráðherra Íslands hefði átt við Standing Group á dögunum, og skildi sér að nú væri óskað eftir frekari upplýsingum varðandi tiltekin atriði.

Við sögðum Mr. Brownell, að utanríkisráðherra hefði falið okkur að afla upplýsinga um ýms atriði, er nauðsynlegt væri að lagja ljós fyrir, og hefðu þær spurningar verið settar fram við Mr. Achilles s.l. föstudag, og hann síðan gert ráðstafanir til að þessi fundur yrði haldinn. Sagði hann að tilhögun þessara mála hefði verið sú, að Standing Group hefði komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi Íslands á friðartímum, og hefði ekki þótt rétt að leggja í að ganga nákvæmlega frá tilteknum atriðum í sambandi við framkvæmd á þeim ráðagerðum fyrr en að vitað væri hvort ríkisstjórn Íslands vildi, að meginstefnu til, fallast á að ráðstafanirnar yrðu gerðar. Við bentum hinsvegar á, að frá okkar sjónarmiði séð horfði málið þannig við, að erfitt væri að taka afstöðu til þess almennt fyrr en upplýsingar lagju fyrir um hin einstöku atriði. Sögðum við að okkur hefði verið falið að afla upplýsinga <sup>um</sup> eftirfarandi <sup>atriði</sup> spurningum:

1. I þeim ráðagerðum, sem fyrir lagju er talað um að nauðsynlegt sé að safna birgðum ("stockpiling") á Íslandi. Væri nú spurning hvort birgðirnar ættu að endast í tiltekinn mánaðafjölda. Þá væri einnig óljóst hvort hér væri um að ræða birgðir einungis fyrir landsmenn sjálfa, eða einnig fyrir erlent herlið, og þá bæði á friðartímum og síðar.

Við þessari fyrirspurn fengust óljós svör. Var sagt að þetta mála væri í athugun hjá Military Production and Supply Board í London, og væri erfitt að segja um það á þessu stigi. Þá færi það einnig eftir því um hvaða vörur væri að ræða, og frá hvaða löndum þyrfti að útvega þær. Við spurðum hvort ekki væri gengið út frá neinni sérstakri tímallengd almennt, og sagði þá Captain Ringell, sem hefir unnið að undirbúningi varnar áætlananna, að þeir hefðu haft í huga 3- 6 mánuði, en þetta væri sem sagt allt í athugun.

2. Við sögðum að á Keflavíkur flugvelli hefðu Bandaríkjamenn nú nokkur hundruð menn (5-600) og væri nú spurning hvort sá liðsstyrkur, sem nefndur hefði verið í sambandi við sendingu herliða til Íslands á friðartímum væri til viðbótar, eða hvort sú tala, sem nefnd hefði verið yrði lækkuð hlutfallslega. Mr. Brownell sagðist vilja taka það fram, að enda þótt ákveðin tala hefði verið nefnd í sambandi við fyrirhugað lið, þá væri það mjög varhugavert að binda sig við hana. Aðal atriðið væri hversu fjölmennt lið væri nauðsynlegt, og færi það eftir atvikum. Sú tala, sem Standing Group hefði nefnt væri "rough approximation". Colonel Richardson sagði að þetta atriði væri nú í athugun, því að eftir fundinn með Standing Group hefði komið í ljós að upplýsinga væri óskað um þetta atriði. Hefði því Joint Chiefs of Staff verið falið að rannsaka málið, og gera nákvæma áætlun, og mundu þær áætlanir liggja fyrir eftir 1 - 2 mánuði. Seinna í viðtalinu hélt hann þó að þessar upplýsingar gætu legið fyrir eftir ca. 3 vikur, og tók það fram, að í þessum áætlunum mundi einnig verða rétt um fyrirkomulag radarkerfisins og staðsetningu liðs o.fl. Að því er sérstaklega snerti spurninguna um samræmingu hins

3. Kaflaþúur við framkvæmdir. Á undirbúning-  
fundi, sem er framan getur höfðum við einnig á bréf Standing

fyrirhugaða liðs og fólks þess, sem nú er á Keflavíkur flugvelli sagði hann að þar væru ýms atriði, sem athuga þyrfti nánar, t. d. frá hvaða þjóðum liðið kæmi.

3. Við spurðumst fyrir um það, hvort nokkrar upplýsingar væri hægt að fá á þessu stigi málsins um vantanlega staðsetningu og fyrirkomulag radarkerfisins. Einnig hvort þar mundi verða um mikil mannvirki að ræða, og hvort vitað væri um hversu margir menn mundu starfa við hverja stöð. Var því svarað á þá leið, að þetta væri, eins og áður hefði verið sagt, í athugun, en þeir gerðu ráð fyrir að nokkrar stöðvar yrðu reistar, en þar mundi ekki verða um mikil mannvirki að ræða.

4. Við spurðum hvort North Atlantic Ocean Regional Planning Group hefði myndað sér nokkra skoðun um hvar á Íslandi gætti að staðsetja liðið, ef til kæmi. Sögðum við að utanríkisráðherra hefði vakið athygli Standing Group á því, að óheppilegt mundi vera að dreifa liðinu á marga staði, ~~en~~ enda þótt ~~auðvitað~~ væri nauðsynlegt að sjá um að verja allt landið. Þessari spurningu var svarað þannig, að liðið mundi verða á fáum "key points". Var einnig talað um að nauðsynlegt væri að koma fyrir loftvarnabyssum, en það yrði á fáum stöðum.

5. Við sögðum að í "short term" planinu virtist ekki gert ráð fyrir neinu "artillery", t.d. loftvarnabyssum, en okkur hefði skilist, að slík tæki fylgdu liði því, sem ráðgert væri, enda þótt þess væri ekki getið sérstaklega. Sögðu þeir að svo væri, því að fótgöngulið hefði t.d. loftvarnabyssur. Þar væri þó ekki um mjög langdrægar byssur að ræða, en gert væri ráð fyrir að þetta lið fengi frakari útbúnað eftir því sem tók væru á.

6. Kostnaður við framkvæmdir. Á undirbúningsfundum, sem að framan getur höfðum við minnst á bréf Standing

Group frá 25. ágúst, og í því væri gert ráð fyrir að Island gæti ekki staðið undir kostnaði þeim, sem leiðdi af þessum ráðstöfunum, og hefði utanríkisráðherra einnig rætt þessi mál sérstaklega við Standing Group. Sögðum við að okkur virtist óþarft að ræða það nánar, og sagði þá Colonel Richardson, að það hefði glögglega komið í ljós á fundinum hjá Standing Group að álitnið væri að hér væri um svo þýðingarmikið mál að ræða að fyrirhugaðar ráðstafanir NATO mundi ekki stranda á því að Island gæti ekki staðið undir kostnaðinum. Sagði hann að þessi mál heyrðu undir starfsvið Defense, Finance and Economic Committee í London.

Að lokum tók Mr. Brownell fram, að sér væri mikið ánægjuþefni að umræður hefðu farið fram um þessi mál, því að úflausn þeirra væri mjög þýðingarmikil. Hinsvegar hefði ekki farið fram nein sérstök athugun á einstökum atriðum í sambandi við sendingu liðs til Islands á friðartímum, því aðal atriðið, frá sjónarmiði Standing Group hefði verið að fá vitneskju um það, hvort íslenska ríkisstjórnin vildi fallast á málið í prinsípinu, en síðar væri hægt að athuga einstök atriði. Hinsvegar hefði komið í ljós á fundi utanríkisráðherra og Standing Group, að frá sjónarmiði Íslendinga væri talið nauðsynlegt að fá upplýsingar um einstök atriði áður en hægt væri að taka afstöðu til málsins í prinsípinu, og þessvegna hefðu þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að afla þeirra upplýsinga. Mundi þeirri athugun verða hraðað eftir föngum, og niðurstöðunum komið í hendur íslensku ríkisstjórnarinnar um hendur sendiherra Islands í Washington, líklega innan mánaðar.

Að lokum létu báðir aðilar í ljós ánægju sína yfir viðræðum þessum.

Washington, D.C. 25. sept. 1950.

sign. Magnús V. Magnússon, Hans G. Andersen